

Aðalfundur Prentsöguseturs 23. mars 2022

haldinn að Stórhöfða 31, kl. 16.30

- 1) *Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.* Stakk upp á Georg Páli Skúlasyni sem fundarstjóra og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara. Var það samþykkt.
- 2) *Formaður flutti skýrslu stjórnar* og sagði þetta fyrsta sinn í langan tíma, sem aðalfundurinn væri haldinn á réttum tíma skv. lögum. Stjórnin hefur á starfsárinu mikið verið í sambandi í gegnum netið en þó hefur oftast tekist að halda mánaðarlega stjórnarfundi. [Sjá frekar í skýrslu stjórnar.] Í rými Gömlu prentsmiðjunnar að Laugavegi 29B var á tímabili opið einu sinni í viku og skiptust stjórnarmenn á viðveru þar til coveitsmitið tók fyrir þetta, Fjölmargir skólar, áhugahópar o. fl. fengu þar móttöku og frásagnir sem tengdust gripum á staðnum. Mikið af tíma stjórnar hefur farið í að undirbúa væntanlega sýningu í Skálholti sem verður líklega opnuð í haust. Til þessa verkefnis hafa borist styrkir frá fjölmörgum aðilum og er það í raun fullfjármagnað. Margar góðar gjafir hafa borist einstaklingum og fyrirtækjum, má þar nefna eigendur prentsmiðjunnar Hjá Guðjón Ó, Sigurbór Sigurðsson bókbindara og fleiri. Til dæmis kom frá Kópaskeri lítil prentvél sem hafði lengi verið geymd í bílskúr en var upphaflega í fórum Eggerts Þorbjarnarsonar, eins af forystumönnum verkamanna í Reykjavík á árum síðari heimsstyrjaldarinnar (d. 1989). Framkvæmdir í Skálholti hafa gengið hægt en ekki stöðvast og þakkaði formaður sr. Kristjáni Björnssyni fyrir gott samstarf og einnig Birni G. Björnssyni sem hefur unnið að hönnun og undirbúningi þessarar sýningar. Þá er næsta stóra verkefni félagsins að fara í gang; að koma upp framtíðarhúsnæði fyrir safn Prentsöguseturs. Verið er að hefja söfnun til þess verkefnis, leita að húsnæði og ræða kostnað við að koma slíku safni á laggirnar. Heidelberg-verksmiðjurnar í Þýskalandi hafa styrkt húsnæðissjóð félagsins um 1500 evrur. Þá hefur stjórnin verið í sambandi við aðila sem tengjast nýja miðbænum á Selfossi. Er verið að skoða þá möguleika sem fyrir hendi eru þar í bæ. Fréttabréf félagsins kom út tvisvar á árinu, bæði stafrænt og á pappír fyrir þá sem þess óskuðu. Formaður þakkaði gott samstarf á árinu, sérstaklega þakkaði hann Svani Jóhannessyni fyrir öfluga söfnun styrkja. Þá gaf fundarstjóri Heimi Br. Jóhannessyni orðið. Hann flutti *skýrslu um Gömlu prentsmiðjuna* á Laugaveginum. Sagði coveit hafa sett strik í reikninginn svo minna hefði orðið um fyrirlestra, fundi og fleira en vonir höfðu verið um. Hann greindi frá því að hann hefði verið í sambandi við Borgarsögusafnið til að leita

eftir stuðningi borgarinnar til rekstrarins en fundir milli aðila hafa fallið niður og coveit truflað það eins og annað en munu verða teknir upp aftur. Síðan benti hann á að hægt væri að nota fjölmiðla eins og Hringbrautina o.fl. til að kynna málið.

- 3) *Reikningar félagsins*. Tryggvi Þór gjaldkeri fór yfir reikningana og einstaka liði hans, er rekstrarhagnaður félagsins kr. 12.154.676. Síðan voru reikningarnir og skýrsla stjórnar borin upp og hvoru tveggja samþykkt samhljóða.
- 4) *Lagabreytingar*. Engar breytingatillögur höfðu borist.
- 5) *Ákvörðun félagsgjalds*. Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald eða kr. 4000 en frjálst væri að greiða hærri upphæð.
- 6) *Kosning formanns*. Tillaga var um Hauk Má Haraldsson og var hann klappaður í sætið.
- 7) *Kosning fjögurra annarra stjórnarmanna og tveggja til vara*. Tillaga um Ágúst Guðjónsson, Grím Kolbeinsson, Heimi Örn Gunnarsson, Hjört Guðnason, Katrínu Jónsdóttur og Tryggva Þór Agnarsson. Voru þau öll samþykkt samhljóða.
- 8) *Kosning framkvæmdastjórnar Gömlu prentsmiðjunnar*. Tillaga: Ágúst Guðjónsson, Elís Eyfjörð Stefánsson, Heimir Br. Jóhannesson, Katrín Jónsdóttir, Kjartan Gunnþórsson, Ólafur Stolzenwald, Ragnar Kristjánsson, Ragnar Ragnarsson og Þorkell Svarfdal. Voru þau öll samþykkt samhljóða.
- 9) *Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga*. Tillaga: Ólafur Stolzenwald og Simon Knight. Voru þeir samþykktir.
- 10) *Kosning spjaldskrárritara*. Gerð var tillaga um Svan Jóhannesson og var hún samþykkt samhljóða.
- 11) *Önnur mál* a) Formaður bar upp tillögu um að Þóra Elfa Björnsson yrði gerð að heiðursfélaga félagsins og var það einróma samþykkt og henni afhent skjal um það.
b) Þóra Elfa þakkaði kærlega fyrir heiðurinn. Ennfremur minnti hún á að saga stéttarinnar yrði líka að vera saga fólksins sem hefði komið að vinnunni, ekki bara saga tækja og afkasta.

Að lokum þakkaði Haukur Már fyrir samstarfið á liðnu ári, fagnaði að taka til vinnu með hópnum og sagðist boða nýja stjórn fljótlega á stjórnarfund. Og sleit síðan fundi.